



## SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
Erindi nr. P 139/287  
komudagur 18.11.2010  
Selfossi, 17. nóvember 2010  
1010005SA PH

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn SASS um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010-2013 42. mál.**


Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 12. nóvember sl. var tekið fyrir erindi frá iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 27. október 2010, þar sem óskað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun.

Stjórnin ítrekaði eftirfarandi afstöðu sína frá 25. maí sl.:

„Stjórn SASS telur ekki rétt að afgreiða byggðaáætlun nú þar sem boðað hefur verið að lagðar verði fram tillögur um samþætta sóknaráætlun fyrir hvern landshluta nú í haust auk sameiginlegrar áætlunar fyrir landið allt. Samþykkt tillögunnar nú hefur því ekkert gildi og byggðaáætlun í núverandi mynd óþörf þar sem sóknaráætlun er ætlað að leysa hana af hólmi. Stjórnin vekur athygli á því að landshlutasamtaka sveitarfélaga er varla getið í tillögunni en þeim er ætlað ákveðið hlutverk í gerð og framkvæmd sóknaráætlanna. Stjórn SASS leggur til að hlutverk Byggðastofnunar verði endurskoðað og hluti þess fjármagns sem hún hefur yfir að ráða og þess starfs sem hún hefur með höndum verði færður út í landshlutana og þar með verði starfsemi atvinnuþróunarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga efld.“

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,  
f.h. SASS

  
Þorvarður Hjaltason  
framkvæmdastjóri